



Reykjavík, 19. júní 2025
USK24060209

Umhverfis- og Skipulagsvið Reykjavíkurborgar

Varðar Akurgerði 9

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags 11.07.2024 var lögð fram umsókn Hrund Hauksdóttur um að setja svalir á núverandi hús og byggja vinnustofu á lóð nr. 9 við Akurgerði.

Á fundi 5 desember 2024 var málinu vísað til umsagnar verkefnastjóra eftir að erindið hefði verið grenndarkynnt fyrir nágrönnum.

Í tölvupósti verkefnastjóra þann 7. janúar 2025 var hönnuði tilkynnt að þær athugasemdir sem bárust voru þess efnis að ákveðið var að taka tillit til þeirra. Verkefnastjóri lagði til að viðbyggingin væri færð inn á lóð og að upphafleg kvöð um umferð haldist. Þann 9 janúar ætluðu hönnuðir að rýna gögnin með umsækjanda og vera í sambandi eftir það.

Verkefnastjóri ítrekaði óskina við hönnuði í tölvupósti þann 6. febrúar 2025, 6. mars 2025, 14. apríl 2025. Hönnuður svaraði tölvupósti og upplýsti að málið væri enn í vinnslu hjá umsækjanda. Áætlað var að haldinn yrði fundur með umsækjanda þann 29. apríl, og eftir þann fund myndu hönnuðir hafa betri upplýsingar um næstu skref. Verkefnastjóri óskaði eftir viðbrögðum með tölvupósti þann 06.05.2025.

Engin viðbrögð hafa orðið við þessari beiðni embættisins.

Í ljósi þess fyrirhugar embættið að fella málið niður til þess að auka skilvirkni embættisins. Áður en til þess kann að koma skorar skipulagsfulltrúi á umsækjanda, að bregðast við kröfum embættisins. Skipulagsfulltrúi veitir umsækjanda **14 daga frest** til þess að skila inn gögnum frá dagsetningu þessa bréfs. **Ef engin viðbrögð hafa borist innan frestsins verður málið fellt niður án frekari fyrirvara.**

Telji umsækjandi þörf á leiðbeiningum er hann hvattur til að hafa samband við embættið innan frestsins. **skipulag@reykjavík.is**

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur